



Efni: Breyting á drögum að reglum um viðbótareiginfjárliði, sbr. umræðuskjal nr. 5/2012

Vísað er til dreifibréfs Fjármálaeftirlitsins (FME), dags. 28. júní sl., er varðaði umræðuskjal nr. 5/2012 vegna reglna um viðbótareiginfjárliði.

Í kjölfar útgáfu umræðuskjalsins bárust margar gagnlegar athugasemdir og ábendingar sem FME hefur tekið afstöðu til.

Af gefnu tilefni hefur FME tekið til skoðunar hvort gera eigi tilteknar veigamiklar efnisbreytingar á umræðuskjalinu. Þar af leiðandi telur FME rétt að gefa út nýtt umræðuskjal og óska eftir umsögnum um nefndar efnisbreytingar. Þær breytingar sem um ræðir eru eftirfarandi:

1. Eiginfjárbréf (hér eftir nefnd „blendingsbréf“ í samræmi við umræðuskjal nr. 10/2012) skv. c-lið 1. gr. umræðuskjals nr. 5/2012 (e. „innovative hybrid capital“) verði ekki leyfð. Framangreint er í samræmi við væntanlega tilskipun CRD IV / CRR en í þeirri tilskipun verða blendingsbréf sem innihalda hvata útgefanda til innköllunar ekki leyfð sem hluti af eiginfjárpætti A.

2. Hámark samtölu allra blendingsbréfa, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. umræðuskjals nr. 5/2012 en 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. umræðuskjals nr. 10/2012, verði lækkað úr 50% niður í 10%.

3. Hámark samtölu blendingsbréfa skv. 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. umræðuskjals nr. 5/2012 en 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. umræðuskjals nr. 10/2012, verði lækkað úr 35% í 5%.

Nánari útfærslu framangreindra breytinga má sjá í meðfylgjandi umræðuskjali nr. 10/2012. Hinar fyrirhuguðu breytingar á regludrögum eru til komnar vegna aukinnar áherslu sem FME hyggst leggja á gæði eiginfjárliða. Sú afstaða helgast m.a. af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja hér á landi, s.s. vegna gjaldeyrishafta og óvissupátta, ásamt þeirrar auknu áherslu sem lögð verður á kjarna eigin fé í væntanlegri tilskipun CRD IV / CRR.

Athygli er vakin á því að einungis er óskað eftir umsögnum um ofangreint, sbr. eyðublað vegna umsagnar um umræðuskjal nr. 10/2012, sem finna má á heimasíðu FME. Þess er óskað að umsagnir sem aðilar kjósa að senda berist við fyrsta hentugleika, þó eigi síðar en miðvikudaginn 21. nóvember nk.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

Rúnar Guðmundsson

Valdimar Gunnar Hjartarson



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 10/2010

Drög að reglum um viðbótareiginfjárliði

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 21. nóvember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flippann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

7. nóvember 2012

Drög að reglum um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki

(Ath.: Í endanlegum reglum falla neðanmálstilvitnanir niður)

1. gr.

Til eiginfjárbátta A, sbr. 5 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, er heimilt að telja:

1. Blendingibréf (e. hybrid capital) sem uppfyllir skilyrði 2. gr., 4. gr. og 5. gr. þessara reglna (e. contingent convertible capital).
2. Blendingibréf sem uppfyllir skilyrði 3. - 5. gr. þessara reglna (e. non-innovative hybrid capital).

2. gr.

Blendingibréf samkvæmt 1. tölulið 1. gr. skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Bréfið tilgreini ekki gjalddaga,
2. Endurgreiðsla höfuðstóls blendingibréfs er ekki heimil¹. Útgefanda er heimilt að umbreyta blendingibréfi í hlutafé eða stofnfé,²
3. Í skilmálum blendingibréfs skal koma fram við hvaða skilyrði skuli umbreyta blendingibréfi í hlutafé eða stofnfé. Skilyrðin skulu miðast við að fjármálafyrirtæki hafi ekki farið undir lágmarkskröfur um eigið fé, sbr. 11. mgr. 14. gr., a. lið 1 mgr. og 4 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki,³
4. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda, krafist að blendingibréfinu sé umbreytt í hlutafé eða stofnfé.
5. Vextir reiknast einungis á þau blendingibréf sem ekki hefur verið umbreytt.⁴

Við mat á fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 2. gr., lítur Fjármálaeftirlitið m.a. til eftirfarandi þátta:

1. hvort fjármálafyrirtæki uppfyllir lágmarks eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins,
2. fyrirsjáanlegrar þróunar á fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækis og
3. fjárhagslegs heilbrigðis fjármálafyrirtækis að öðru leyti.

Breytihlutfall (e. conversion ratio) blendingibréfa yfir í hlutafé eða stofnfé skal ákvarðast á útgáfudegi bréfsins og skal hlutfallið miðast við markaðsvirði hlutafjár eða stofnfjár á þeim tíma, sbr. þó 4. mgr.

¹ Samanber sænskar reglur (FFFS 2007:1, Avsnitt D, 7 kap 16a§).

² Art. 66 1a (a), Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

³ Implementation Guidelines for Hybrid Capital Instrument (IGfHCI), paragraph 124.

⁴ Samanber sænskar reglur (FFFS 2007:1, Avsnitt D, 7 kap 16a§).

Fjármálaeftirlitið getur heimilað breytingu á breytihlutfalli skv. 3. mgr. þessarar greinar í sérstökum tilfellum, svo sem þegar um er að ræða samruna, yfirtöku, ef fjármálafyrirtæki er skipt upp eða í sambærilegum tilfellum.⁵

Ef markaðsvirði hækkar umfram breytihlutfallið, þá minnkar það magn hlutfjár eða stofnfjár sem fæst fyrir blendingsbréfið. Ef markaðsvirði lækkar þá eykst ekki magn hlutfjár eða stofnfjár.

3. gr.

Blendingsbréf samkvæmt 2. tölulið 1. gr. skal ekki innihalda hvata útgefanda til innlausnar (e. incentive to redeem) og ekki tilgreina neinn gjalddaga⁶. Blendingsbréfið má þó innihalda ákvæði um innköllunarrétt útgefanda (e. call option)⁷ og er ekki litið á rétt til innköllunar sem hvata útgefanda til innlausnar.⁸

Blendingsbréf, samkvæmt 2. tölulið 1. gr., skal einnig uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hægt sé að innleysa eða endurfjármagna bréfið í fyrsta lagi eftir 5 ár frá útgáfudegi þess að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.⁹
2. Fjármálaeftirlitið geti heimilað endurfjármögnun blendingsbréfs áður en 5 ár eru liðin frá útgáfu þess ef endurfjármögnunin er gerð með bréfum sem hafa samskonar eða betri eiginfjárgildi.¹⁰
3. Fjármálaeftirlitið geti á hverjum tíma heimilað innlausn eða endurfjármögnun blendingsbréfa skv. 2. tölulið 1. gr. ef ófyrirsjáanlegar breytingar verða á gildandi skattareglum og flokkun þessara blendingsbréfa sbr. 1. gr.¹¹

Heimild Fjármálaeftirlitsins varðandi innlausn eða endurfjármögnun verður aðeins veitt að fyrirsjáanleg fjárhags- og eiginfjárstaða útgefanda teljist ásættanleg eftir innlausn eða endurfjármögnun bréfanna.¹² Fjármálaeftirlitið getur því aðeins veitt heimild til innlausnar tímabundins blendingsbréfs á gjalddaga að krafan um lágmarks eigið fé, sbr. 11. mgr. 14. gr., a. lið 1. mgr. og 4. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sé uppfyllt.¹³

Auk þess sem að framan greinir skal blendingsbréfið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. skilmálar blendingsbréfsins skulu tilgreina við hvaða aðstæður skuli niðurfæra blendingsbréfið ásamt ógreiddum vöxtum,¹⁴

⁵ IGfHCl, paragraph 134 and 135.

⁶ Art. 66 1a (a), Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

⁷ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

⁸ IGfHCl, paragraph 56.

⁹ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹⁰ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹¹ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹² IGfHCl, paragraph 60-66. Auk IGfHCl, paragraph 67-69

¹³ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹⁴ Art. 63a 4, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111. Einnig IGfHCl, paragraph 114.

2. skilmálar blendingssbréfsins skulu tilgreina með hvaða hætti niðurfærsla blendingssbréfs á sér stað,¹⁵
3. útgefandi blendingssbréfs getur ákvarðað einhliða niðurfærslu blendingssbréfs,
4. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda, krafist niðurfærslu blendingssbréfs,¹⁶
5. að undangenginni niðurfærslu skv. 3. eða 4. tölulið getur Fjármálaeftirlitið, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda, heimilað að niðurfærsla höfuðstólsins sé færð til fyrra horfs að hluta eða öllu leyti,¹⁷ og
6. þegar blendingssbréf hefur verið niðurfært skv. 3. eða 4. tölulið og þangað til bréfið hefur verið fært til fyrra horfs að öllu leyti skv. 5. tölulið eru vaxtagreiðslur óheimilar. Færsla til fyrra horfs að hluta til, sbr. 5. tölulið, er ekki nægjanleg til þess að banni við vaxtagreiðslum verði aflétt.

Við mat á fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda, sbr. 4. og 5. tölulið 4. mgr. þessarar greinar, tekur Fjármálaeftirlitið m.a. mið af þeim þáttum sem getið er í 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Blendingssbréf samkvæmt 1. og 2. tölulið 1. gr. skal uppfylla eftirfarandi skilyrði¹⁸:

1. Útgefandi blendingssbréfs getur, með hliðsjón af fjárhagsstöðu útgefanda, stöðvað vaxtagreiðslur um óákveðinn tíma,
2. Stöðva skal vaxtagreiðslur ef útgefandi uppfyllir ekki skilyrði um lágmarks eigið fé, sbr. 11. mgr. 14. gr., a. lið 1. mgr. og 4 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og
3. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda, stöðvað vaxtagreiðslur.

Ef Fjármálaeftirlitið stöðvar vaxtagreiðslur, þá getur útgefandinn, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, skipt út vaxtagreiðslum með greiðslu í formi hlutfjár eða stofnfjár. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að fjárhags- og eiginfjárstaða útgefanda sé ásættanleg eftir útgreiðsluna.

Við mat á því hvort fjárhags- og eiginfjárstaða útgefanda sé ásættanleg, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, tekur Fjármálaeftirlitið m.a. mið af þeim þáttum sem getið er í 2. mgr. 2. gr.

Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir enda séu lágmarks eiginfjárkröfur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna.¹⁹ Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða árabili safnast þær ekki upp.²⁰

¹⁵ IGfHCI, paragraph 114.

¹⁶ IGfHCI, paragraph 115.

¹⁷ IGfHCI, paragraph 114b).

¹⁸ Art. 63a 3, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹⁹ IGFHCI, paragraph 78.

²⁰ Art. 63a 3, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

Ákvæði þessarar greinar um takmarkanir á vaxtagreiðslum gilda einnig um aðrar greiðslur af blendingsbréfinu sem kunna að koma í staðinn fyrir beinar vaxtagreiðslur, s.s. arðgreiðslur. Takmarkanirnar eiga ekki við um innlausn eða endurfjármögnun skv. 3. gr.²¹

5. gr.

Útgefandi blendingsbréfs samkvæmt reglum þessum skal fá andvirði þess til ráðstöfunar við útgáfu bréfsins. Útgáfu blendingsbréfs skal tilkynna til Fjármálaeftirlitsins.

Blendingsbréf má ekki vera tryggt af útgefanda, fela í sér ábyrgð aðila tengdum útgefanda né veita kröfuhafa með neinum öðrum hætti forgang eða betri rétt gagnvart öðrum kröfuhöfum.²² Eftirfarandi háværk sem hlutfall af eiginfjárþætti A skulu gilda um blendingsbréf:

1. Samtala blendingsbréfa samkvæmt 1. og 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 10% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi.
2. Samtala blendingsbréfa samkvæmt 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 5% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi.

Framangreind háværk gilda bæði fyrir móðurfélag og samstæðu. Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki að fara tímabundið út fyrir þessi værk ef sérstakar og veigamiklar ástæður mæla með því.²³

Við gjaldþrot eða slit útgefanda falla kröfur samkvæmt blendingsbréfinu, að meðtöldum þeim hluta sem samsvarar niðurfærslu, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 3. gr., á eftir kröfum skv. 109. - 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, þ.e. séu greiddar á eftir öllum öðrum kröfum á útgefanda en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár.²⁴

Auk þeirra skilyrða vegna útgáfu blendingsbréfa sem getið er um í reglum þessum skulu öll blendingsbréf innihalda ákvæði um að eigandi bréfsins geti ekki þvingað útgefandann í slit eða gjaldþrot vegna ráðstafana sem útgefandi eða Fjármálaeftirlitið grípa til samkvæmt reglum þessum.²⁵

²¹ Skv. Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

²² IGfHCl, paragraph 104 og 107

²³ Art. 66 4, Dir 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

²⁴ Art. 63a 5, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

²⁵ IGfHCl, paragraph 76, 104 og 107

6. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Við gildistöku falla reglur nr. 156/2005 um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki úr gildi.

Fjármálaeftirlitinu, xx. nóvember 2012

Unnur Gunnarsdóttir

Halldóra E. Ólafsdóttir